

Ed.

436. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ivilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum sammingsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. Þó getur ríkisstjórnin (atvinnumálaráðherra) krafizt þess, að landeigandi greiði áveitukostnaðinn með landi að einhverju eða öllu leyti, ef nauðsyn þykir vegna stofnunar nýbýlis samkv. 3. gr.

3. gr.

Óski landeigandi, í stað þess að greiða hið árlega gjald, að láta land af hendi til greiðslu áveitukostnaðarins í eitt skipti fyrir öll, má gefa honum kost á því, ef trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar mælir með því og nægilega mikið land fæst samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis eða nýbýla, sbr. niðurlagsákvæði 2. gr.

4. gr.

Nú er samþykkt samkv. ósk landeiganda að taka land til greiðslu áveitukostnaðar samkv. 3. gr., eða land er tekið eftir kröfu ríkisstjórnarinnar samkv. niðurlagsákvæðum 2. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beutiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að vikja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna.

En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er rikissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar. Falli á hana áveituskattur samkv. ákvæðum 11. gr., ber leiguliða að standa skil á honum til jarðeiganda.

9. gr.

Þangað til öðruvisi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er rikissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er rikisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr rikissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.